

## Utan dagskrár II

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti. Ég þakka þér fyrir að leyfa mér að koma hér og tala örfá orð utan dagskrár og um leið og ég brýni menn sem hefja umræðu um sóknaráætlun hér á eftir að vera stuttur og gagnorð, því oft vilja umræður hér í borgarstjórn vera langar og svæfandi og ekki hnitmiðaðar. Ég bið ykkur að vera hnitmiðuð þannig að umræða mín um vantraust á borgarstjóra komist fljótt á dagskrá.

Hitt sem ég vildi ræða hér er að þar sem að ég hef ekki fengið nægjanlegar upplýsingar um ferða- og launakostnað vegna framboða í borgarstjórn vil ég fresta þeirri umræðu til næsta fundar. Það er miklu meira sem kemur þar undan feldi heldur en maður hefði gert sér í hugarlund. Milljónirnar eru miklu, miklu fleiri sem borgarfulltrúar hafa náð í rassvasann með því að blekkja borgarbúa. Það kemur í ljós. En ég vil sérstaklega líka, vegna þessa að ég ætla ekki að draga til baka tillögu mína um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010, takið vel eftir, hér er tækifæri fyrir borgarstjórnarflokkana að sýna einu sinni af svolitlum myndugleika, svolitlu göfuglyndi og leggja til að þessi framlög til stjórnmalaflokka sem eru langt yfir 100 milljón kr. á árinu verði lögð í þessa hjálpertillögu sem Þorleifur Gunnlaugsson er hér með. Þannig gjörð svo vel – sýnið viljann í verki, ég tek undir tillögu Þorleifs, en þið hafið tækifæri hér til að sýna það að þið viljið verja fjármunum til velferðamála en ekki til flokka. Því að það er þjófnaður upp á tugi milljóna króna sem borgarstjórnarflokkarnir eru að stunda á kostnað almennings.

**Forseti:** Ég vil biðja borgarfulltrúa sem að fá heimild til þess að taka til máls utan dagskrár að virða þau stuttu tímamörk sem slíkri umræðu er gefin. En ef enginn andmælir eru liðir númer 5 og 6 teknir af dagskránni og bíða frekari umræðu á næsta fundi eða næstu fundum borgarstjórnar.